Lóðarstærð er 315,0m2, nýtingarhlutfall=0,58

**KÓLNUNARTÖLUR ( hámarksgildi) :**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. ( vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

BO Björgunarop

EI-60 Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

EICS-60 Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

[R] Reykskynjarar




GRUNNMYND KJALLARI

mkv. 1:100




GRUNNMYND - JARÐHÆÐ

mkv. 1:100




GRUNNMYND - 2.HÆÐ

mkv. 1:100




GRUNNMYND - RIS

mkv. 1:100

Samþykkt þann
11 NOV. 2013
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Brynjar Rafn Ólafsson*

## LÝSING ERINDIS

*Hverfisgata 41 / 41A er byggt árið 1925. Húsið ( kjallari, hæð og ris)* er staðsteypt og hvílir á steyptum sökkli og kjallara. Þak hússins er hefðbundið timburþak með bárujárni. Innveggir eru ýmist steyptir eða úr grind klæddri spónaplötum eða gipsi. Gólf eru úr timbri.

Fyrirhugaðar breytingar á Hverfisgötu 41A felast í því að ný gólf verða sett í húsið, innra skipulagi þess breytt frá fyrri uppdráttum, og viðbyggingu eftir teikningum Arkitektastofunnar við Austurvöll frá 1988 verður haldið áfram, þó í breyttri mynd. Kjallari ( niðurgrafin 1.hæð) hefur þegar verið steyptur og fylgja fyrirhugaðar breytingum þeim útlínum sem fyrir eru, og eins og á fyrri uppdráttum er gert ráð fyrir einni hæð ofan á kjallarann og þaksvölum sem verða aðgengilegar úr risi. Gert er ráð fyrir heitum potti á þaksvölum.

ÞAK. Timburþak er á húsinu, klætt með borðaklæðningu og bárujámi. Þakhalli á eldri hluta hússins er 41°, en þak á nýbyggingu er flatt. Þak-kvistir verða bæði á fram- og bakhlið hússins. Flatt þak viðbyggingar er gert úr staðsteyptri plötu, einangraðri að utan með a.m.k. 200mm þykkri polystyren einangrun með vatnshalla og klæddri PVC þakdúk. Ofan á dúk kemur léttur timburpallur.

ÚTVEGGIR. Útveggir eldra húss eru 200mm staðsteyptir og verða einangraðir að innan með 100mm steinullareinangrun. Útveggir í nýbyggingu verða 180mm staðsteyptir, einangraðir að innan með 100mm steinull.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar með tvöföldu gleri.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkul eldra húss og gólfplata er úr steinsteypu, en gólf í nýbyggingu verða timburgólf styrkt með stálbitum.

INNVEGGIR. Innveggir eru úr 100mm timburgrind klæddri spónaplötum eða gipsi.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Gólfhitalagnir verða í húsinu. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir *gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar*, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bílageymslu.

BRUNAVARNIR. Veggur milli Hverfisgötu 41 og 41A verður REI-60. Klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

ÍBÚÐARHÚS:
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 183,4m2
Heildarrúmmál: 615,9m3
Skiptarrúmmál: 434,111m3

Lóðarstærð er 315,0m2, nýtingarhlutfall=0,58


AOK

KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


HVERFISGATA 41A - HAFNARFIRÐI
BREYTINGAR OG ENDURBYGGING 12/16

AÐALUPPDRÁTTUR mkv: 1:100

grunnmyndir
byggingarlýsing 0201

hannað: KE teiknað: KE dags: 27.09.2013

breyting A:
breyting B:
breyting C:
breyting D:

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
*Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.*

Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.